

■ Búist við að minnsta kosti 160 uppsögnum hjá Ríkisspítulum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Fjölmörgum deildum lokað. Geðfatlaðir og aldraðir verða langverst úti

Sjálfsgagt þjóðhagslega hagkvæmast að nota gasklefa einsog Hitler gerði

– segir **Magnús Þorgrímsson** sálfræðingur og stjórnarmaður í Geðhjálp. Stjórn BSRB: Geðfötludum og öldruðum vísað út á gaddinn.

„Það er sjálfsgagt þjóðhagslega hagkvæmast að nota bara gasklefa einsog Hitler gerði,“ sagði Magnús Þorgrímsson sálfræðingur og stjórnarmaður í Geðhjálp í samtali við *Alþýðublaðið* um yfirvofandi niðurskurð í heilbrigðkerfinu sem bitna mun mjög harka-

lega á geðsjúkum og öldruðum. Innan heilbrigðiskerfisins er unnið að lokaútfærslu á stórfelldum niðurskurði, en hundruð milljóna vantar bæði á Ríkisspítulum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur til að unnt sé að halda sömu þjónustu og á síðasta ári.

Samkvæmt heimildum blaðsins er búist við að allt að áttatfu manns verði sagt upp störfum á hvorri stofnun, nokkrar deildir verði lagðar niður og öðrum lokað um lengri eða skemmri tíma. Niðurskurðurinn á Ríkisspítulum jafngildir því að fimmta hvert rúm sé tekið úr notkun.

„Lokanir á geðdeildum í fyrra voru mjög slæmar. Mjög margir urðu veikir á þessu tímabili, og fólk var alltof oft útskrifað of snemma. Þetta þýðir að

fólk fær síður lækningu og hressist síður. Það þarf þessvegna að leita sér lækninga aftur og því er ekki um að ræða að þetta sé eitthvað þjóðhagslega hagkvæmt á nokkurn hátt. Þetta kostar bara meiri þjónustu síðar,“ segir Magnús.

Elísabet Möller hjá Geðverndarfélaginu sagði að það stefndi í mikið ófremdarástand. „Við vitum að það er nú þegar alltof margt fólk sem ráfar um götur og á engan samastað. Þetta

fólk þarf mikla aðstoð, það er bæði mannfrek og peningafrek vinna.“ Elísabet sagði að mönnum þætti kannski „þægilegast“ að skera niður í þessum geira, ennþá væri verið að berjast við mikla fordóma í garð geðfatlaðra.

Stjórn BSRB hefur sent frá sér harðorða ályktun þarsem segir að ráðist sé á þá hópa samfélagsins sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér, því sé hótad að vísa geðfötludum og öldruðum útá gaddinn.